

**30. Fundur Breiðafjarðarnefndar,
haldinn 18. desember 2001, kl. 13:40 til 14:35 á Náttúrustofu Vesturlands,
Stykkishólmi.**

Mættir: Friðjón Þórðarson, Guðríður Þorvarðardóttir, Jóhannes Geir Gíslason, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Ævar Petersen, Sigurður Þórólfsson og Magnús A. Sigurðsson.

Þá voru mætt: Siv Friðleifsdóttir umhverfissráðherra, Einar Sveinbjörnsson, aðstoðarmaður ráðherra og Sigríður Stefánsdóttur, fyrrv. ritari nefndarinnar, ásamt Róberti A. Stefánssyni, forstöðumanni Náttúrustofu Vesturlands.

Fundarritari: Sigríður Elisdóttir.

Formaður setti fundinn kl. 13:40 og bauð alla velkomna til fundarins, sérstaklega umhverfissráðherra, Siv Friðleifsdóttur, og þá sem með henni voru. Hann kynnti efni fundarins og afhenti ráðherra Verndaráætlun Breiðafjarðar, rakti aðdraganda að gerð áætlunarinnar.

Þá tók ráðherra til máls og ávarpaði nefndina. Hún lýsti því yfir, að full ástæða væri til að fagna útkomu verndaráætlunarinnar svo almenningur geti kynnt sér hana.

Forgangsröðun verkefna og fjárhagsleg staða nefndarinnar

Ráðherra hafði kynnt sér greinargerð Breiðafjarðarnefndar með fjárlagatillögum fyrir árið 2001, þar sem fram kemur forgangsröðun verkefna nefndarinnar.

Hún sagði að um 2 millj. króna, af 8 millj. kr. fjárveitingu sem Náttúruverndarráð hafði á fjárlögum myndu renna til Breiðafjarðarnefndar árið 2002, og að heildarfjárveiting nefndarinnar yrði 3,6 millj.

Ráðherra óskaði eftir tillögum frá Breiðafjarðarnefnd um það hvernig verja ætti þessu aukna fjármagni, því nota mætti það til að kafa dýpra í forgangsröðunina.

Henni var þá sérstaklega á það bent að miðað við rekstur nefndarinnar til þessa og nýjan þjónustusamning við Náttúrustofu Vesturlands, sem kosti kr. 900 þús. á ári, séu aðeins eftir u.þ.b. 1100 þús. kr. til verkefna, sem væri lítið, og þörf væri á enn frekari fjárveitingum árið 2003 og eftir það.

Svæðisskipulag fyrir Breiðafjarðarsvæðið

Nefndarmenn kynntu hugmyndir varðandi svæðisskipulag fyrir Breiðafjörð og sögðu það mjög mikilvægt fyrir störf nefndarinnar. Gerð svæðisskipulags væri mjög kostnaðarsöm og að sveitarfélög á svæðinu gætu ekki borið þann kostnað. Þá spurðu nefndarmenn hvort hugsanlegt væri að fá liðsinni ráðherra til að fá, í eitt skipti, sérstaka fjárheimild til verkefnisins.

Ráðherra sagði að gerð svæðisskipulags af þessu tagi væri gífurlega fjárfrekt verkefni og að ef út í það væri farið, myndu önnur mikilvæg verkefni sitja á hakanum vegna fjárskorts. Hún var sammála því að þetta væri þó mjög mikilvægt og það þurfi að kanna hvað þetta myndi kosta og hvort eðlilegt væri að byrja á svo stóru verkefni. Þá gat hún þess að svona verkefni gæti haft fordæmisgildi á öðrum svæðum og að sérstök samstaða yrði að skapast um það á þingi ef til ætti að koma sérstök fjárheimild vegna verkefnisins.

Mörk verndarsvæðisins

Nefndarmenn sögðu lagaleg vandamál við verndarsvæði Breiðafjarðar, þar sem það nær rétt út undir fjöllumörk og gerir það að verkum að ekki sé skýrt hvenær nefndin sé umsagnaraðili framkvæmda og hvenær ekki. Þá kom fram að oft á tíðum hafi aðrar

stofnanir verði að skilgreina mörkin, því sé nauðsynlegt að það komi skýrt fram í lögnum hver þau eru.

Ráðherra sagði að endurskoða þurfi lögin og ljóst sé að breyta þurfi lögum ef stækka eigi svæðið, það verði þó ekki gert nema í gegnum Alþingi.

Hugmyndir um að gera Breiðafjörð að Ramsar- og/eða svæði á Heimsminjalistann

Ráðherra var spurð hvort hún hafi í hyggju að leggja til að Breiðafjörður verði gerður að Ramsar- og/eða svæði á Heimsminjalistann.

Ráðherra svaraði því til að ekki væri búið að því, en ekki væri útilokað að svo gæti orðið síðar.

Náttúrurannsóknarstöð við Breiðafjörð

Fram kemur í 7. gr. laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar að ráðherra geti með reglugerð heimilað Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofunum á Vesturlandi og Vestfjörðum að standa sameiginlega að starfrækslu náttúrurannsóknarstöðvar á svæðinu. Spurt var hvort ráðherra hygðist beita sér fyrir því að þetta verði gert og svaraði hún því að hún hafi ekki fengið ráðgjöf frá Breiðafjarðarnefnd varðandi þetta, en tók fram að hún telji önnur verkefni brýnni og að náttúrustofnarnar á svæðinu geti að hluta sinnt þeim rannsóknum er gera þarf.

Kynningarfundur ráðherra á verndaráætlun Breiðafjarðar

Umhverfisráðuneytið hafði boðað alþingismenn, bæjar- og sveitastjóra, ásamt oddvitum sveitarstjórna svæðisins til kynningarfundar, þar sem störf nefndarinnar og verndaráætlun Breiðafjarðar var kynnt. Þá var blaðamönnum einnig boðið að mæta. Fundurinn hófst kl. 14:40 í sal Ráðhússins í Stykkishólmi.

Fundi Breiðafjarðarnefndar með umhverfisráðherra var slitið kl. 14:35

Næsti fundur ákveðinn um miðjan janúar